



Pési

ATH!! Næsti Pési kemur út í maí Efni þarf að berast í síðasta lagi 5.maí



BÓKASAFN

Frá Bókasafni Hrunamanna



BÓKASAFN

Nú er mikið af nýjum bókum á bókasafninu og vonandi ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Gegnir




leitir.is

Inn á slóðunum <http://leitir.is> og www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „*Mínum síðum*“ geta lánþegar séð skiladag, framlengt lánum og fleira.

Alltaf er hægt að skila safngögnum í skilalúguna.

Svo er um að gera að „líka við“ bókasafnið á



Sjáumst á bókasafninu ☺

Bókasafn Hrunamanna


Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: [http://](http://bokasafn.fludir.is/)

bokasafn.fludir.is/



Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30. Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi,

frá kl: 12:00-15:00

Kæru lesendur Pésans!

Gleðilegt sumar og takk fyrir
veturinn.

apríl 2018
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

28. árgangur.
325.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er apríl runninn upp og það er vor í lofti þrátt fyrir lítilsháttar páskahret sem var nú bara rétt til þess að halda við þessu orðatiltæki. Þessi vetur hefur verið öðruvísi en sá síðasti þar sem jarðfrankvæmdir gátu farið fram um miðjan vetur en okkur er farið að klæja í lófana að komast af stað, sérstaklega með ljósleiðaraverkefnið okkar.

Því miður hefur Guðmundur Danielsson verkefnisstjóri Hrunaljóss verið meira og minna frá vegna þrálátra veikinda síðustu vikur þannig að hann hefur ekki getað klárað að vera í sambandi við alla þá aðila sem ættu rétt á tengingu. Við biðjumst velvirðingar á því en vonandi er kallinn að komast til heilsu og svo því sé þá komið á framfæri eru menn ekki of seinir að sækja um. Það hafa verið að berast umsóknir beint í gegnum skrifstofuna og bendum við fólki á þann möguleika og hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðunni fludir.is og koma svo til okkar. Við höfum samt ekki setið auðum höndum því verið er að vinna að frekari hönnun á lagnaleiðum með Gröfütækni sem síðan verða bornar undir landeigendur eftir þörfum því við viljum vinna þetta vel.

Nú er búið að leggja fram ársreikning Hrunamannahrepps fyrir árið 2017 til fyrri umræðu og verður hann afgreiddur af sveitarstjórn í byrjun maí og niðurstaða hans síðan kynnt á íbúafundi í framhaldinu. Ársreikningurinn ber merki þess að það er mikill uppgangur á Íslandi. Sveitarfélagið er rekið með nokkuð góðum afgangi en þar munar mest um að auknar tekjur komu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna aukinna tekna ríkisins og auknar tekjur af útsvari. Þá hefur lág verðbólga jákvæð áhrif á rekstrartölur. Þetta tókst þrátt fyrir að við þurfum að bókfæra talsverðar lífeyrisskuldbindingar á árinu 2017 vegna uppgjörs við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga, Brú. Við erum því þokkalega búin undir miklar framkvæmdir á árinu en þar ber hæst lagningu ljósleiðara, fráveituframkvæmdir á Flúðum og endurnýjum á götu og lögnum í Vesturbrún.

Það er gaman að geta þess að mér finnst hugmyndin um að halda Menningarmars hafa tekist vel. Þetta var afslappaður viðburður þar sem þátttaka var góð og góð hvatning fyrir okkur öll til að taka þátt í þessu góða starfi sem unnið er hér í sveitarfélaginu. Ég skemmti mér allavega konunglega á þeim viðburðum sem ég sótti, hvort sem það var hjónaballið, tónleikar kirkjukórsins eða árshátíð Flúðaskóla sem er reyndar listsýning sem seint verður vanlofuð þar sem krakkarnir okkar hljóta ómetanlega reynslu í sköpun og að koma fram.

Búið er að ákveða rusladaginn í Hrunamannahreppi og verður hann föstudaginn 11. maí n.k. Fyrirkomulagið verður væntanlega svipað og í fyrra þannig að unnið verður með skólunum fyrir hádegi og eftir hádegi tekur gamli góði rusladagurinn við. Vil ég hvetja íbúa og fyrirtæki eindregið til að taka þátt í þessu frábæra framtaki. Síðan vil ég vekja athygli á tískufyrirbrigðinu sem heitir „Plokk“ Hvet ég alla sem ganga eða hlaupa um sveitina að huga að því hvort ekki sé hægt að grípa með sér rusl og annað óyndi sem oftast en ekki vill vera í umhverfinu.

Varðandi úrgangsmálin er það að segja að þau mál eru í þróun og vonandi styttist í að frekari flokkun geti átt sér stað í sveitarfélaginu. Það er búið að panta pressugám á gámasvæðið á Flúðum til að hægt sé að losa plast í með auðveldum hætti. Hins vegar verð ég að segja að það er verulegt áhyggjuefni hvað fólk virðir lítið að grenndargámar sem staðsettir eru í sveitarfélaginu eru eingöngu fyrir heimilissorp en ekki annan og stærri úrgang sem á að koma á gámasvæðið á Flúðum. Umgengnin er sum staðar slík að það verður trúlega að taka það til skoðunar hvort hægt sé að halda þeim úti og er gámurinn í Langholtsfjallinu langvestur. Trúlega eru fáir kostir í stöðunni þar ef umgengnin batnar ekki að fjarlægja þann gám. Annað sem við erum að lenda í að það er verið að setja plast með pappa í pappapressugáminn upp á gámasvæði. Það er algerlega óheimilt og getur leitt til þess að gámurinn sé felldur og þurfi að greiða fyrir hann fullt gjald í eyðingu. Það á að taka pappír úr plastpokum áður en pappír er settur í pressugáminn og frauðplast og umbúðarplast má alls ekki fara í gáminn.

Það var haldinn góður fundur með hagsmunaaðilum sem eru með starfssemi á Hrunamannafrétti. Það er nefnilega nauðsynlegt að við stillum saman strengi hvert skal stefna og hvernig með þetta djásn okkar. Síðan blandast í þetta hugmyndir um friðlýsingar og þjóðgarðsumræðu sem eflaust verður tekin á næstu árum og gott er að geta gengið samstillt til leiks. Hins vegar er ýmislegt, sem við þurfum að klára, eins og að bæta merkingar o.fl. sem gagnast getur til að leiðbeina og ekki síst vernda þessa perlu okkar.

Nú fer seyruverkefni sveitarfélagana í Uppsveitum að komast á fullt og upp úr miðjum maí eigum við von á að nýr hreinsibíll komi á svæðið. Þetta verkefni er að vinda upp á sig og skilur eftir mjög jákvæð áhrif á Uppsveitirnar. Við erum búin að ráða umsjónarmann og bílstjóra á nýja bíllinn og hefur Júlíus Sveinsson eða Júlí Sveins verið ráðinn á græjuna. Hann mun síðan koma inn í góðan hóp í áhaldahúsinu þegar vinna vegna hreinsunar liggur niðri. Síðan hefur einnig verið ráðinn aðstoðarmaður á bíllinn í sumar sem slöngutemjari og varð fyrir valinu Atli Geir Scheving. Byð ég Júlía og Atla velkomna í góðan hóp starfsmanna sveitarfélagsins.

Þá er rétt að minna á að Vinnuskóli Hrunamannahrepps verður starfræktur í sumar í 5 vikur fyrir 14-16 ára unglunga og er einmitt núna í Pésanum auglýst eftir krökkum sem vilja láta hendur standa fram úr ermum í sumar.

Einnig vil ég minna foreldra barna á aldrinum 6-16 ára að skoða hvort þeir eigi ekki rétt á að sækja um hvatarstyrki til sveitarfélagsins en frestur til að sækja um þá er til 1. maí nk. Upplýsingar og umsóknareyðublað er hægt að nálgast inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is. Þá vil ég einnig vekja athygli á aðgengilegum kortagrunni um sveitarfélögin sem SASS hefur verið að koma upp á starfssvæði sínu. Hægt er að nálgast hann inn á www.map.is/sudurland.

Ein ábending sem ég vil koma á framfæri, en fresskettir hafa verið að gera óskunda á Flúðum. Vil ég hvetja gæludýraeigendur að huga að sínum dýrum og ef um er að ræða villiketti að láta Hjalla dýraeftirlitsmann vita ef óæskilegir kettir eru á sveimi í kringum þá. Varðandi önnur dýr þá vil ég óska þeim Óla og Ástu í Hrepphólum til hamingju með verðlaun Landssambands kúabænda sem fyrirmyndarbu ársins 2018 en það er frábært hvað vel er að þessu er staðið hjá þeim.

Að lokum vil ég hvetja menn að huga að umhverfi sínu, klippa tré og runna, og huga almennt að tiltekt þegar við erum að koma undan vetri. Þá bendi ég fólki á að mikið af kurli er á gámasvæðinu á Flúðum sem fólki er heimilt að ganga í án endurgjalds. Munum að umhverfi okkar er andlit sveitarinnar.

Megum við eiga gott vor saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 11. júní til og með 13. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 2002–2004.

Umsóknir þurfa að berast fyrir 11. maí á Skrifstofu Hrunamannahrepps eða á netfang hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 eða á netfang: hruni@fludir.is



Höfum tekið í umboðssölu fóður frá
Josera og deheus
Verið velkomin til okkar
Árni ehf Smiðjustíg 6





S.S.FRÉTTIR.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, f. árið 2017, var haldinn að Goðalandi í Fljótshlíð, þann 23. mars sl. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannahreppi voru: Bjarni Valur Skippholti, Esther Sólheimum, Samúel Bryðjuholti ásamt deildarstjóra. Síðasta ár var afurðadeildinni erfitt í rekstri, m.a. vegna mikillar samkeppni á markaði og hækkunar launaliða. Þar sem rekstur ársins 2016 var einhver sá besti í sögu félagsins, þá verður þetta meiri ójöfnuður. Eftir sem áður stendur samstæðan traustum fótum. Ljóst er að fram undan eru mjög krefjandi tímar í rekstri fyrirtækisins, m.a. með auknum innflutningi matvara. Það er því mjög mikilvægt að teknar séu réttar ákvarðanir í rekstri SS svf. á komandi misserum. Hægt er að lesa ársskýrslu og reikninga, sem hafa verið færðir á heimasíðu S.S. Að endingu vil ég segja frá því að biðlisti á slátrun nautgripa eru 4-5 vikur, sem kemur ekki til af því að ekki sé hægt að sláttra meiru í húsinu, heldur ræður slagurinn á sölumarkaðnum, þar mestu um. En sláturhross vantar sérstaklega, og hefur verið verið hækkað.

Með kærri kveðju og þakklæti fyrir tryggð og viðskipti við félagið.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum deildarstjóri.

Aðalfundur Hrunasóknar 2018

verður haldinn í safnaðarheimili Hrunakirkju
sunnudagskvöldið

29.apríl kl. 20.30.

Venjuleg aðalfundastörf. Kaffi og kræsingar.

Sjáumst!

Sóknarnefndin



ÚTBOÐ

Hrunamannahreppur óskar eftir tilboðum í verkið:

Útboð Vesturbrún 2018

Verklok eru 13. september 2018.

Verkið felur í sér endurgerð á götunni, Vesturbrún, þ.e. gröft á óburðarhæfu efni, útlagningu neðra burðarlags, gerð fráveitu, hitaveitu, ljósleiðaralagna og vatnsveitu, útlagningu efra burðarlags ásamt malbikun götu og gangstétta.

Helstu magntölur eru:

Gröftur á lausu efni	2900 m ³
Fleygun	250 m ³
Neðra burðarlag	2500 m ³
Fráveitulagnir	415 m
Vatnsveitulagnir	253 m
Hitaveitulagnir	229 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með fimmtudeginum 12. apríl 2018. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Ingibjörgu hjá Eflu Suðurlandi í síma 412 6900, eða með tölvupósti á netfangið utbod.sudurland@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 25. apríl 2018, en þá verða þau opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi

Frá Félagi eldri Hrunamanna

Margrét Sæberg hjá versluninni Logy kemur í kjallarann á Heimalandi ***priðjudaginn 17. apríl*** og verður þar með fatnað til sölu bæði á konur og karla frá kl. 13 – 15.

Opið hús

Opið hús verður í Félagsheimilinu ***miðvikudaginn 18. apríl kl. 14:00.***

Að lokinni dagskrá verður kaffisala. Þetta verður seinasta opna hús vetrarins.

Gönguferðir

Fyrsta gönguferð sumarsins verður ***priðjudaginn 1. maí*** og lagt af stað frá eystra planinu við Félagsheimilið og lagt af stað kl. 10:30.

Minni á sumarferðina vestur á suðurfirði Vestfjarða 29. maí. Með kærri kveðju,
stjórnin

Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**
Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímabantanir í Síma 856-1599



Hár-Hrun

Klippir í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

(Félagar í Félagi eldri Hrunamanna fá afslátt (5.500))

Tímabantanir í síma: 863 0433

Allir velkomnir

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



RAFMA GNSVERKSTÆÐI JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS

TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.



Og allar sumar bústaða byggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER Sími: 7760810 & 7831224





Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
sími: 888-1975/865-7499

Samkaup **strax**

Flúðum

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 09:00-19:00

Laugardaga: 10:00-19:00

Sunnudaga: 11:00-18:00

Sími: 486 6633

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN

fontana

Hotubúnd frá landnámi

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.


Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reyf skynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.



Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slökkvitaeki@babubabu.is

Nudd - Massage

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Bergholti - Kistuholti 3, Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir og nánari upplýsingar má finna á facebook síðunni minni: NG ehf



<https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>
og í síma 8976944.

Nils G. – Bowentæknir og nuddari.

Now you can get full body massage and Bowen technic treatment in Bergholt - Kistuholti 3, Reykholt. You can find online booking and more information on my facebook page: NG ehf <https://www.facebook.com/NGBowenognudd/>

Nils G. tel: 8976944
nilsgudjon@gmail.com



Litla Melabúðin

FARMERS MARKET

Opið alla daga milli kl. 13:00-17:00
Open daily 1pm-5pm



Vörur úr
heimabyggð.

Locally grown
Locally owned

Beint frá býli

Grænmeti, kryddjurtir, holdanautakjöt, eldis-silungur, heimagerðar sultur og flatkökur, Arna laktósafrjár mjólkurvörur og margt fleira.

Vegetables, herbs, Angus beef, brown trout, homemade jams and flatbreads, Arna lactose free dairy and variety of other products.

Melum, Flöðum

Hrunamannahrepp

@litlamelabudin

www.facebook.com/litlamelabudin/



80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



PARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Gjálp leitar að trúnaðarsamtali við forsvarsfólk framboðslista til sveitarstjórnarkosninga í sveitarfélögum við Þjórsá. Við viljum stuðla að sameiginlegum framboðsfundi í hverju sveitarfélagi þar sem að kjósendum er boðið til kappræðna og samtals við frambjóðendur allra framboða á sama tíma.

Við sæjum fyrir okkur að hvert framboð myndi halda framsögu í upphafi fundar en svo myndu frambjóðendur svara spurningum sem ýmist hefðu verið sendar inn fyrir fundinn og spurningum beint úr sal.

Fundarstjóri væri aðili sem allir aðilar féllust á fyrirfram, en væri sterkur stjórnandi utansveitar. Við erum nú þegar með nokkrar tillögur í þeim efnum.

Kostirnir við slíkan fund væru að almennur kjósandi gæti haft áhuga á að geta komið á hlutlausan fund, hlusta á spurningar og svör frambjóðenda, leggja fram viðkomandi sjálfur. Slíkt myndi efla lýðræðið okkar, samtal og efla samfélagið okkar. Við vonum að við heyrum frá forsvarsmönnum framboðslista í sem flestum sveitarfélögum til þess að geta samnýtt sterkan fundarstjóra á sem flestum stöðum á sömu helgi eða dögum.

gjalpfelag@gmail.com
www.facebook.com/gjalp

Aðalfundur Gjálpar verður haldinn sumardaginn fyrsta, 19. apríl kl. 20 í Þjórsárskóla. Ásamt hefðbundnum aðalfundarstörfum verður farið yfir hugmyndir stjórnar að verkefnum tengdum atvinnuuppbyggingu og stuðning við atvinnulífið á svæðinu við Þjórsá svo sem skrifstofu- og atvinnukjarna, klasasamstarf smáfyrirtækja á svæðinu og sjálfbærirannsóknir.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og nýtt félagsfólk sérstaklega boðið velkomið á fundinn. Á aðalfundi er kosið í fimm manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum. Áhugasamir um atvinnu- og samfélagsuppbyggingu á svæðinu eru hvött til að bjóða fram krafta sína í stjórn.

Stjórn Gjálpar
gjalpfelag@gmail.com - www.facebook.com/gjalp



Vetrarmót Smára 2018 - hið seinna -



Kæru Smárafélagar

Þá fer að liða að seinna vetrarmótinu okkar en laugardaginn 21. apríl nk er stefnan tekin á Torfdal að nýju - með gæðinginn og góða skapið í farteskinu.

Mótið hefst kl 13:00 með skráningu og pollastund frá kl 13-13:30.

Barnaflakkur hefst svo stundvíslega kl 14 og svo flokkarnir koll af kalli.

Keppt verður í tölti (T7) - riðið undir stjórn þuls hægt tölt og frjáls ferð. Létt og skemmtilegt í alla staði. 5 efstu riða úrslit en 10 efstu knapar safna stigum í stigakeppni vetrarmótanna.

Lífland gefur vegleg verðlaun fyrir 3 efstu sætin í öllum flokkum og kunnum við þeim bestu þakki fyrir.

Flokkarnir verða eftirfarandi:

- Drautabraut í reiðhöll fyrir polla
- Barnaflokkur
- Unglingaflokkur
- Ungmennaflokkur
- Áhugamannaflokkur
- Opinn flokkur
- Unghrossaflokkur

Þátttökurétti er þannig háttað: gjaldgengir eru Smárafélagar allir í barna, unglinga, ungmenna og áhugamannaflokk. Hross þarf ekki að vera í eigu félagsmanns.

Opinn flokkur er öllum opinn óháð félagsaðild. Þjóðum við nágretta og vini hjartanlega velkomna.

Vakin er athygli á því að keppendum í unglinga og ungmennaflokki er einnig heimil þátttaka í opnum flokki með sitt annað hross.

Unghross þurfa að vera í eigu Smárafélaga, vera 4-6 vetra (á árinu) en knapi þarf ekki að vera félagsmaður í Smára.

Hlökkum til að sjá ykkur - hress og kát laugardaginn 21. apríl!

Bestu kveðjur
Mótanefndin

P.S enn á ný hvetjum við til þess að fylgst sé með á fésbókinni. En þar má einnig finna nánari útlitun á tilhögun vetrarmótanna. Endilega hikið ekki við að senda okkur spurningar ef einhverjar eru varðandi vetrarmótin.

VÖRÐUKÓRINN

Tónleikar í Félagsheimilinu Árnesi
föstudagskvöldið 13. apríl kl. 20.30

Í Hveragerðiskirkju miðvikudagskvöldið
25. apríl kl. 20.00

Stjórnandi Eyrún Jónasdóttir
Undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir
Einsöngvari Guðlaugur Lárusson

Sameiginlegir tónleikar í
Fella- og Hólakirkju með kór kirkjunnar
laugardaginn 28. apríl kl. 17.00

Verð 3000 kr.
Frítt fyrir 14 ára og yngri



Leikskólinn er fyrsta skólástigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast í samræmi við lög, að ósk foreldra, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

Samkvæmt lögum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera:

- ..að fylgjast með og efla alhliða þorska barna í náinni samvinnu við foreldra,
- ..að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku,
- ..að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar,
- ..að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra,
- ..að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun,
- ..að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Á leikskólanum Undralandi á Flúðum eru nú 42 börn í vistun og langflest þessara barna eru hér í átta tíma á dag. Á leikskólanum eru starfandi þrjár leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, einn þroskaþjálfari, einn aðstoðarleikskólakennari og tveir leikskólaliðar. Aðrir starfsmenn eru ýmist í námi sem tengist vinnu eða í öðru námi. Mikill mannaúður er í starfsfólki sem hefur unnið lengi á leikskólanum og hefur tekið þátt í mótun starfsins, bæði með því að sitja námskeið sem tengjast vinnunni og ekki síður með því að læra af þeim sem hafa aflað sér menntunar á leikskólastiginu.



Samkvæmt lögum er ýmislegt sem á að gera í leikskólanum og hvernig förum við að því? Dagsskipulagið veitir einhverja innsýn í starfið á leikskólanum þar sem allir þættir námsins tvinnast saman, skipulagt starf, frjáls leikur og hvíld. Við leggjum áherslu á að börnin fái notið sín á eigin forsendum og höfum haft að leiðarljósi hugmyndafræði Loris Malaguzzi.



Þessi hugmyndafræði er kennd við borgina Reggio Emilia og er Loris Malaguzzi aðalfrumkvöðullinn og hugmyndasmiðurinn að henni. Loris Malaguzzi leit á menntun sem samfélagslegt ferli og hlutdeild í menningu. Hann áleit að hún ætti að einkennast af trausti og virðingu fyrir ómældri getu barna til að afla reynslu og þekkingar á eigin forsendum.

Leggja ætti áherslu á að börnin kynnist því liðna til að flétta inn í nútíðina og byggja framtíð í gegnum sameiginlegar uppgötvánir. Hafa fæturna tryggilega á jörðinni og höfuðið í hugmyndafluginu. Mikil áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd, söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund. Eitt af grundvallarviðhorfum Malaguzzi, er að sjá sérhvert barn sem einstakt og að það sé sjálft aðalpersónan

hvað varðar eigin vöxt og þroska. Ef maður vill kynnast börnum verður maður líka að kynnast veröld þeirra. Hlusta, horfa opið og spyrjandi á þau og kynna okkur leiki þeirra.

“Börn eru gullnáma en hlutverk fullorðinna er að fá gullið til að glóa”.

Við leggjum áherslu á leikinn í öllum hans myndum og setjum hann í öndvegi, vegna þess að í leiknum felst námið. Hann er kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Leikurinn er kjarni uppeldisstarfsins í leikskólanum. Frjálss og sjálfssprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Reynsla barnsins tekur oftast á sig form leiksins. Í frjálsum leik eru mikilvægir uppeldiskostir sem geta eflt alhliða þroska barnanna, þ.e. líkams-, tilfinninga-, félags-, vitsmuna-, siðgæðis- og fagurþroska. Leikurinn er líf barnsins og starf. Segja má að í bernsku sé það að leika sér sama og að læra og afla sér þekkingar. Fjölbætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og nýja færni.

Við höfum tileinkað okkur að læra íslensku máhljóðin með honum Lubba, en Lubbi er hundur sem ferðast um landið og kennir börnunum íslensku máhljóðin. Með því að læra máhljóðin koma bókstafirnir óhjákvæmilega við sögu því hverju máhljóði fylgir bókstafur.



Einnig vinnum við með námsefni frá Barnaheill sem heitir Vinátta og kennir börnum



samskipti og hvernig hægt er að vinna sig út úr aðstæðum sem oft geta verið flóknar þegar maður er á leikskólaaldri.

Í leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri sem vinnur í nánun samstarfi við foreldra og starfsfólk leikskólans. Leikskólinn vinnur eftir hugmyndafræði sem byggir á snemmtækri íhlutun. Íhlutunin miðar að því að grípa sem fyrst inni í ef grunur um þroskafrávik barna vakna. Ýmis skimunartæki eru notuð til að fylgjast með þroskaframvindu barna í leikskólanum og unnið er út frá þeim skimunum með snemmtækri íhlutun í samstarfi við foreldra. Tengiliðir okkar eru Skólaþjónusta Árneshings, Heilsugæslan og Velferðarþjónustan en þar höfum við aðgang að sérfræðingum ef á þarf að halda.

Um miðjan apríl stefnir allt starfsfólk leikskólans í námsferð til Brighton, við ætlum að kynna okkur útikennslu og fá meiri fræðslu um Reggio stefnuna. Við vitum sem er að alltaf er hægt að bæta við sig fræðslu til að gera góðan leikskóla betri.

Við leggjum áherslu á gott samstarf við foreldra og erum stolt af leikskólanum okkar. Góð menntun starfsfólks, lítil starfsmannavelta og stuðningur sveitarfélagsins er mikilvægur þáttur í starfinu.

Á hverjum degi lesum við um vandræði með vistun barna víða á landinu, börn ýmist komast ekki í leikskóla eða komast ekki fyrr en þau eru orðin tveggja ára. Við erum stolt af því að geta boðið foreldrum vistun fyrir börnin hér í sveit frá eins árs aldri.

Það sem ekki má gleymast er að leikskólastigið er fyrsta skólastigið en alltof oft er horft á leikskóla sem geymslustað. Við leggjum metnað í að gera góðan leikskóla betri með öllum þeim ráðum sem við höfum yfir að ráða og gaman er að segja frá því að þeir starfsmenn sem eru í námi koma oftar en ekki stoltir til baka úr staðlotum og vettvangsnámi með þá sannfæringu að hér sé unnið mjög gott starf.



Við hvetjum þá sem áhuga hafa að kíkja í heimsókn til okkar og kynna sér það faglega og góða starf sem fram fer á leikskólanum. Það er alltaf heitt á könnunni.

Kveðja,
Ingibjörg leikskólastjóri, Freyja deildarstjóri
Katrín deildarstjóri, Ásta deildarstjóri, Valdís sérkennslustjóri.



Uppsveitardeild æskunnar 2018

Æskulýðsnefndir Smára og Loga hafa í vetur svo sem undanfarin ár staðið fyrir mótariðinni, Uppsveitardeild Æskunnar í

hestaíþróttum. Mótariðin samanstendur af þremur mótum þar sem keppt er í þriggangi, fjórgangi, fimmgangi, tölti, fimi, smala og skeiði.

Lokamót deildarinnar í ár var laugardaginn 7. apríl sl. þar sem keppt var í smala, fimi og einnig skeiði hjá unglingum.

úrslit dagsins voru eftirfarandi

Smali Barna

1 Aron Mímir Einarsson	Sprettur frá Hróðnýjarstöðum
2 Eyþór Ingi Ingvarsson	Sólfari frá Fjalli
3 Freya Mattsson	Aþena frá Hafnarfirði
4 Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti
5 Friða Eiríksdóttir	Mjóblesi
6 Svana Eiríksdóttir	Minkur
7 Anna-Lovísa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum

Smali unglunga

1 Þorvaldur Logi Einarsson	Stjarni frá Dalbæ
2 Þórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1
3 Einar Ágúst Ingvarsson	Ás frá Fjalli
4 Valdimar Örn Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli
5 Aron Ernir Ragnarsson	Fluga frá Sóleyjarbakka
6 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum
7 Laufey Ósk Grímsdóttir	Saga frá Ásatúni

Skeið unglunga

1 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Skemill frá Dalvík
2 Þorvaldur Logi	Ísdögg frá Miðfelli
3 Laufey Ósk Grímsdóttir	Teigur frá Ásatúni
4 Einar Ágúst Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli
5 Aron Ernir Ragnarsson	Fluga frá Sóleyjarbakka
6 Þórey Þula Helgadóttir,	Þótti frá Hvammi 1

Fimi Barna

1 Eyþór Ingi Ingvarsson	Sólfari frá Fjalli
2 Freya Mattsson	Aþena frá Hafnarfirði
3 Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti
4 Anna-Lovísa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum
5 Aron Mímir Einarsson	Sprettur frá Hróðnýjarstöðum

Fimi Unglinga

1 Þórey Þula Helgadóttir,	Topar frá Hvammi 1
2 Þorvaldur Logi	Hátíð frá Hlemmiskeiði 3
3 Aron Ernir Ragnarsson	Váli frá Efra-Langholti
4 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum
5 Valdimar Örn Ingvarsson	Snerpa frá Fjalli

Samanlögð heildar stigakeppni: Barnaflokkur

1 Eyþór Ingi Ingvarsson	45,5 Smári
2 Freya Linda Andrea Mattsson	41,5 Smári
3 Hildur María Jóhannesdóttir	38,5 Logi
4 Aron Mímir Einarsson	32,5 Smári
5 Sigríður Mjöll Sigurðardóttir	16 Logi
6 Anna-Lovísa Duerholt	11 Smári
7 Fríða Eiríksdóttir	6 Smári
8 Svana Eiríksdóttir	5 Smári

Unglingaflokkur

1 Þorvaldur Logi Einarsson	54 Smári
2 Þórey Þula Helgadóttir	49 Smári
3 Rósa Kristín Jóhannesdóttir	45,5 Logi
4 Aron Ernir Ragnarsson	37,5 Smári
5 Laufey Ósk Grímsdóttir	29 Smári
6 Einar Ágúst Ingvarsson	19 Smári
7 Valdimar Örn Ingvarsson	18 Smári
8 Sölvi Freyr Freydísarson	9 Logi

Samanlögð stig félaganna

Smári	332,5	332,5
Logi	124,5	124,5

Æskulýðsnefndin þakkar öllum þeim sem þátt tóku og lögðu leið sína í höllina til að fylgjast með mótunum í vetur. Sérstaklega þakkar nefndin þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu okkur kleift að halda mótin í vetur en þeir eru:

Hófadynur.is Vesturkot LímtréVírnet Fellskotshestar
Víðigerði/Talltorpa Landstólpi Hrosshagi S.Ársælsson ehf
Álfstaðir Einiholt Dalsholt Véladeildin á Ólafsvöllum
Alhestar Hænsnahöllin á Húsatóftum Nagdýraræktun Friðu
og Svönu

Byggingakranar á Flúðum



Kluftir



Hvatagreiðslur

Foreldrar og forráðamenn barna á aldrinum 6– 16 ára eru hvattir til að sækja um hvatagreiðslur vegna íþróttta,-lista og tómsundaiðkunar skv.reglum Hrunamannahrepps.

Umsóknarfrestur er til 1. maí vegna vorannar 2018

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á heimasíðu

Hrunamannahrepps, í íþróttahúsinu og á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Sáðvörulistinn 2018

Vörunr.	Yrki	Kg/ ha	kg/ sekk	Verð pr/kg án vsk.	
Grasfræ					
BA151-9088	Tuukka	25-30	25	547,-	
101804	Winnetou	25-30	25	490,-	
DL 1030	Miracle	25-30	25	815,-	
DL-1020	Túnvingull Gondolin	25-30	25	500,-	
BA-2010	Hávingull Pradel	25-30	25	560,-	
4-0126-61871/01	Hávingull Baralka	25-30	25	680,-	
ST-1001	Stólpablanda I fyrir kjr	25-30	25	617,-	
ST-2001	Stólpablanda II fyrir fé og beit	25-30	25	664,-	
<i>Nýjung</i>	DLF-2001	Stólpa-Fjölhlanda <i>ProNitro húðuð</i>	25-30	25	590,-
<i>Nýjung</i>	DLF-2002	Stólpa-Uppskerublanda <i>ProNitro húðuð</i>	25-30	25	660,-
Rýgresi					
DLF201118204	Fjölært rýgresi Calibra	25-30	25	415,-	
20128404	Fjölært rýgresi Mathilde	25-30	25	415,-	
	Fjölært rýgresi Garbor	25-30	25	415,-	
3301333	Sumarrýgresi Bartiga	25-30	25	323,-	
DL-1050	Sumarrýgresi Loan	25-30	25	322,-	
BA-1004	Vetrarrýgresi Barmultra II	25-30	25	323,-	
	Vetrarrýgresi Danergo	25-30	25	326,-	
Vetrarreppja					
BA-1011	Akela	8-10	25	420,-	
FB151820	Barsica	8-10	25	480,-	
	Licapo	8-10	25	449,-	
Belgjurtir					
DL4056	Ertur Ingrid	180-200	500	128,-	
41200704	Hestabauur Fuego	180-200	500	120,-	
10200504	Hvítsmári Rívanfel	5 - 6	25	1.190,-	
DL10103204	Rauðsmári Suez	5 - 6	25	1.090,-	
Hafrar					
NC1010	Grænfóðurhafrar Domenic	180-200	500	100,-	
	Grænfóðurhafrar Emma	180-200	500	114,-	
Bygg 6 raða - 2ja raða					
VA5042	Bygg 6 raða Aukusti	180-200	700	103,-	
SV-1001	Bygg 2ja raða Filippa	180-200	700	99,-	
0115832	Bygg 2ja raða Tamtam	180-200	500	105,-	
VA5050	Bygg 2ja raða Salome	180-200	700	105,-	
Vorhveiti					
NC0215742	Amarretto	180-200	500	135,-	
VA900	Quarna	180-200	700	110,-	

Ef pantað er fyrir 20. apríl 300 kg.
eða meira er frk flutningur í boði



Sími: 480 5600



FIRMAKEPPNI 2018



Firmakeppni hestamannafélagsins **Smára** verður haldin á Flúðum **1 maí** að venju og hefst stundvíslega kl. 13.00

Kept verður í eftirfarandi flokkum :

- Pollaflokkur (9 ára og yngri)
- Barnaflokkur (10-13 ára)
- Unglingaflokkur (14-17 ára)
- Ungmennaflokkur (18-21 árs)
- Kvennaflokkur
- Karlaflokkur
- Heldri manna og kvennaflokkur (+50)
- Fljúgandi skeið

**Skráning verður á staðnum frá kl:12:00
og lýkur henni kl. 12.50**

Hvetjum alla til að mæta og gera sér glaðan dag á einum stærsta viðburði félagsins, hvort sem er riðandi, gangandi eða akandi.

Stjórn Smára áskilur sér rétt til að fella niður eða breyta flokkum eftir að skráningu lýkur.

*Minnum á reglur Firmakeppni Smára,
þær er að finna inn á smari.is*

Vonumst til að sjá sem flesta
Stjórnin



**Bíla- og
smáflutningar
8917772**

Steinsögun

Tek að mér steinsögun í uppsveitum Ármessýslu, get sagað allt að 27 cm.

Verð og aðrar upplýsingar veitir Kristján Valur í síma: 8657158



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Þá er fyrsta vetrarmóti Smára lokið. Í ár ákvað mótanefnd Smára að breyta fyrirkomulagi mótanna með þeim hætti að gefnar væru tölur í stað sætaröðunnar. Allir þátttakendur riðu sömu grein, eða tölt T7. Tveir dómaraar dæmdu saman og gáfu eina einkunn fyrir hvern lið og meðaltalið tekið af þeim tölum til þess að fá heildarniðurstöðu. Pollarnir fóru í þrautabraut og þurftu að leysa hinar ýmsu þrautir. Að þessu sinni náðist hins vegar ekki þátttaka í barnaflokkinn okkar. Hér fyrir neðan koma niðurstöður mótsins.

Pollapraut:

- 1.Ragna Margrét Larsen og Bylur frá Kleifum
- 2.Magnús Veigar Aðalsteinsson og Djásn frá Egilsstaðakoti
- 3.Guðmundur Johan Aðalsteinsson og Mjöllnir frá Húsatóftum

Unglingaflokkur:

- 1.Laufey Ósk Grímsdóttir og Teigur frá Ásatúni
- 2.Þórey Þula Helgadóttir og Vákur frá Hvammi
- 3.Þorvaldur Logi Einarsson og Hátíð frá Hlemmiskeiði

Ungmennaflokkur:

- 1.Hekla Magnúsdóttir og Tinna frá Blesastöðum 6,0
- 2.Jelena Aunin og Fákur frá Vatnahjáleigu 5,3
- 3.Anne Sofie og Kappi frá Vorsabæ 4,8
- 4.Rebekka Jansdóttir og Stella frá Syðra Langholti 4,0

Áhugamannaflokkur:

- 1.Elin Moqist og Hekla frá Ásbrekku 6,5
- 2.Arnheiður S. Þorvaldsdóttir og Ísdögg frá Miðfelli 5,8
- 3.Einar Logi Sigurgeirsson og Saga frá Miðfelli 5,8
- 4.Marie Schougaat og Óðinn frá Blesastöðum 5,8
- 5.Grímur Guðmundsson og Hvinur frá Ásatúni 5,5

Opinn Flokkur:

- 1.Kristín Magnúsdóttir og Órnir frá Gamla Hrauni 7.5
- 2.Þórey Helgadóttir og Hugli frá Hreppólum 6.8
- 3.Þorvaldur Logi Einarsson og Stjarni frá Dalbæ 2 6.8
- 4.Patricia Grolig og Skræpa frá Blesastöðum 6,0
- 5.Helgi Kjartansson og Gjálp frá Hvammi 1 6,0



Umhverfisdagur Hrunamannahrepps 2018

Föstudaginn 11. maí.

Rusladagurinn verður tvískiptur að þessu sinni. Hann byrjar á að nemendur Flúðaskóla og leikskólans Undralands taka virkan þátt í tiltektinni á Flúðum og verður hafist handa kl. 10:20 og nánasta umhverfi skólanna hreinsað. Íbúum Flúða og öðrum er frjáls þátttaka með skólunum. Þá er ætlunin að þakka fyrir góða frammistöðu með því að bjóða upp á grillveislu við skólann um kl. 11:30 og eru allir þátttakendur velkomnir þangað.

Klukkan 16.00 hefst svo gamli góði rusladagurinn undir styrkri stjórn ruslamálaráðherra, Kristínar Erlu Ingimarsdóttur. Safnast verður saman við Félagsheimilið og ruslapokar og einnota hanskar verða á staðnum. Gott er að mæta tímanlega á staðinn.

Skorað er á alla íbúa sveitarfélagsins að fjarlægja allt rusl af umráðasvæði sínu og stuðla þannig að því að fallegi hreppurinn okkar líti enn betur út og verði okkur öllum til sóma.

Umhverfisnefnd Hrunamannahrepps mælist til að eigendur fyrirtækja og fólk á lögbýlum noti tækifærið og hreinsi til í kringum starfsemi sína og jarðir. Gaman væri að landeigendur tíni rusl með vegum fyrir sínu landi.

Í lokin er þátttakendum síðan boðið í grillveislu í

Lækjargarðinum á Flúðum

Með vinsemd og virðingu,

Umhverfisnefnd og

Kristín Erla Ingimarsdóttir, Ruslamálaráðherra 2018.

Atvinna

Íþróttá- og áhaldahúsi

Hrunamannahreppur óskar eftir starfsmanni í 100% starf í íþróttá- og áhaldahúsi. Annars vegar er um að ræða 80% starf sem húsvörður í íþróttahúsinu á Flúðum og hins vegar 20% starf í áhaldahúsi. Laun eru skv. kjarasamningum Félags opinberra starfsmanna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í ágúst. Allar nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri Hrunamannahrepps í síma 480 6600 eða jon@fludir.is. Umsóknum skal skila á skrifstofu Hrunamannahrepps í síðasta lagi 27. apríl n.k.